

## Aðalfundur FFA miðvikudaginn 22. maí 2013 kl. 20.00

Mættir úr stjórn voru:

Jóna Guðrún, Halldóra, Katrín, Hrefna, Þóra, Þórhallur og Örn Ævar.

Hrefna Díana var kosinn fundarstjóri og setti hún fundinn.

1. Skýrsla stjórnar. Jóna Guðrún fór yfir verkefni foreldrafélagsins á árinu og tilkynnti það að hún gæfi ekki kost á sér til formanns á næsta ári vegna flutninga. Hún hefur unnið ýmis stjórnarstörf foreldrafélagsins frá 2006.
2. Skýrsla gjaldkera. Halldóra gjaldkeri gerði skil á reikningum og fjárhagsstöðu FFA. Sjóðurinn stendur vel og eru langflestir foreldrar (um 80%) að borga félagsgjöldin. Reikningar samþykktir.
3. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar voru gerðar.
4. Kosning nýs formanns. Halldóra Hreinsdóttir var kosin nýr formaður FFA.
5. Kosning stjórnar. Nokkrar breytingar verða á stjórn FFA á næsta ári en Jóna Guðrún, Agnes, Þórhallur og Katrín gefa ekki kost á sér á næsta skólaári. Örn Ævar Hjartarson, Júlía Jörgensen og Anna María Jónsdóttir koma inn í stjórnina. Þannig að ný stjórn FFA er þannig skipuð: Halldóra Hreinsdóttir, formaður, Hrefna Díana Viðarsdóttir, Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, Þóra Guðrún Einarsdóttir, Anna María Jónsdóttir, Örn Ævar Hjartarson.
6. Kosning stjórnarmanns í skólaráð. Þóra Guðrún var kosin í Skólaráð úr hópi FFA.
7. Kosning skoðunarmanns reikninga. Gerð var tillaga að Jana yrði fengin til að skoða reikninga næsta árs.
8. Ákvörðun árgjalds. Samþykkt var að árgjaldið haldist óbreytt. 1500kr.
9. Önnur mál. Sigurbjörg skólastjóri kom upp og lýsti yfir ánægju sinni á mjög virku og öfluggu foreldrafélagi og talaði um mikilvægi þess í skólanum.

Mæting á fundinn var mjög slæm en fyrir utan stjórn FFA, skólastjóra og deildarstjóra voru einungis tveir foreldrar mættir og þökkum við þeim fyrir komuna.

Fundi slitið 20:45